

AUGLÝSING

um staðfestingu námskrár fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni.

1. gr.

Með vísan til 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 14. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini hefur ráðherra staðfest námskrá Samgöngustofu fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1- og C-flokki sem ná til vöruflutninga í atvinnuskyni og réttindi til að stjórna bifreið í D1- og D-flokki sem ná til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

2. gr.

Námskráin sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni sem staðfest var 25. júní 2015.

Innviðaráðuneytinu, 3. febrúar 2025.

Eyjólfur Ármannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ingilín Kristmannsdóttir.

Fylgiskjal.**I. KAFLI****Um námskrána.**

Námskráin kveður á um fyrirkomulag endurmenntunar atvinnubílstjóra, samkvæmt 14. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 830/2011. Námskráin uppfyllir ákvæði 7. gr. tilskipunar 2022/2561/ESB um lágmarkskröfur um grunnþjálfun og endurmenntun atvinnubílstjóra.

Hafi bílstjóri með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni ekki endurnýjað réttindi sín (ekki sótt endurmenntun) verður hann að sækja áskilda endurmenntun áður en hann fær þau endurnýjuð.

Endurmenntun skal fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. í ökuskóla sem hefur starfsleyfi Samgöngustofu fyrir C-, D- og E-flokka, sbr. reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011, eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Þegar námskeiðshaldari er annar en ökuskóli gilda reglur um ökukennslu og starfsemi ökuskóla um hann, eftir því sem við á. Leggja skal fram kennsluskrá vegna endurmenntunar til viðurkenningar hjá Samgöngustofu.

Endurmenntun atvinnubílstjóra samanstendur af námskeiðum sem hafa það hlutverk að rifja upp, endurnýja og bæta við þekkingu sem er nauðsynleg í starfi atvinnubílstjóra.

Í námskránni er að finna viðmið um þekkingu, leikni og hæfni atvinnubílstjóra að loknu námi, viðmið um námstíma, hlutverk, skyldur og viðurkenningu námskeiðshaldara.

Námskrá þessi er sett af Samgöngustofu og staðfest af ráðherra.

II. KAFLI**Markmið.**

Endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni skal hafa það að markmiði að nemendur:

- aki á öruggan hátt og af framsýni,
- sýni öðrum vegfarendum og viðskiptavinum sérstaka aðgæslu,
- geti tryggt öryggi sitt og annarra þegar ökutæki er kyrrstætt og
- sýni fagmennsku og séu starfsstétt sinni til sóma.

Þessum markmiðum skal ná með því að bílstjóri með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni sækji skipulögð námskeið samkvæmt námskrá þessari. Námskeiðin skulu vera fræðileg og verkleg eftir því sem við á með það að markmiði að atvinnubílstjórar dýpki og viðhaldi þekkingu sinni.

III. KAFLI**Skipulag náms.****3.1 Tilhögun endurmenntunar.**

Endurmenntun atvinnubílstjóra fer fram á fimm námskeiðum, sjö stundir hvert, eða samtals 35 stundir, í samræmi við námskrá þessa og kennsluáætlun námskeiðshaldara.

Endurmenntun skiptist í þrjú hluta og skal nemandi ljúka að minnsta kosti einu námskeiði úr hverjum hluta. Að minnsta kosti eitt af námskeiðunum fimm skal innihalda verklega þjálfun. Skyndi-hjálp telst verkleg og þarf að tengjast starfi atvinnubílstjóra á vettvangi. Námskeið sem uppfylla skilyrði verklegs hluta skulu merkt þannig í kennsluskrá og á vefsíðu námskeiðshaldara.

Skipta má námi á aðskilda daga, á hverjum degi skal kenna 7 kennslustundir. Þegar sérstaklega stendur á má skipta 7 kennslustundum á tvo samliggjandi daga. Hver kennslustund skal vera 45 mínútur og hæfilegt hlé skal vera á milli kennslustunda.

Heimilt er að fjölga kennslustundum umfram lágmarks kennslustundafjölda og skal þá bílstjóra gerð grein fyrir því að kennslustundafjöldi þess námskeiðs sé meiri en námskrá gerir ráð fyrir.

Kennslan skiptist í bóklega og verklega kennslu.

Bóklega kennslu má skipuleggja sem:

- hópkennslu í kennslustofu (staðnám),
- kennslu með fjarkennslu- eða fjarfundabúnaði (e. distance learning). Nemendur og kennarar aðskildir landfræðilega séð en ekki í tíma (fjarfundir) og

- c. kennslu með vefkennsluforriti (e. online learning). Nemendur og kennarar aðskildir landfræðilega og í tíma (fjarnám).

Námskeiðshaldara er heimilt að bjóða upp á bóklegan hluta endurmenntunar sem hópkenndu í kennslustofu, kennslu með fjarkennslubúnaði, kennslu með vefkennslukerfi eða sem blöndu af þessu að því gefnu að hann uppfylli allar þær kröfur sem koma fram í námskránni. Kennsla í fjarnámi getur aldrei talist verkleg. Fjarkennsla skal fara fram með fjarkennslukerfi sem Samgöngustofa samþykkir og eftir reglum sem Samgöngustofa gefur út.

Bílstjórar í farmflutningum skulu velja eitt námskeið sem tengist farmhleðslu og bílstjórar í farþegaflutningum skulu taka að minnsta kosti eitt námskeið þar sem fjallað er um þær sérstöku áskoranir sem tengjast farþegaflutningum.

Námskeiðshaldari skal ávallt hafa í huga tækniþróun og nýjungar eftir því sem við á við skipulag námskeiða.

Endurmenntun atvinnubílstjóra skal skiptast í þrjá hluta og skal hver nemandi ljúka að minnsta kosti einu námskeiði úr hverjum hluta.

Skiptingin er sem hér segir:

1. hluti – Umhverfi.

Hæfniviðmið.

Nemendur hafi öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi mengunarvarna og umhverfisverndar,
- náttúruvernd og meginreglum vinnuvistfræði.

Nemendur hafi öðlast leikni í:

- akstri með vistvænum hætti þannig að eldsneytiseyðsla sé í lágmarki, til dæmis með skynsamlegri notkun vélarafls og hemla.

Geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- aka af framsýni og geta greint vísbendingar um hættur í umferðinni,
- nota öryggisreglur sem fylgja skal við akstur sem og þegar ökutækið er kyrrstætt,
- meta öryggi á vegum með tilliti til veðurfars og
- aka mjúklega og af öryggi.

2. hluti – Lög og reglur.

Hæfniviðmið.

Nemandi hafi öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna,
- helstu reglum er varða leyfisveitingar,
- skipulagi farþega- og/eða vöruflutninga og helstu stofnunum sem koma þar að,
- ákvæðum í lögum og reglum um farþega og/eða farmflutninga í atvinnuskyni og
- viðurlögum við umferðarbrotum.

Nemandi hafi öðlast leikni í:

- notkun ökurita.

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- starfa eftir gildandi lögum og reglum um akstur í atvinnuskyni.

3. hluti – Öryggi.

Hæfniviðmið.

Nemandi hafi öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tegundum umferðar- og vinnuslysa í flutningsgeiranum og hvernig draga megi úr hættu á slysum,
- vegakerfi landsins og helstu hættum sem geti leynst við sérstakar aðstæður,
- meginreglum vinnuvistfræði,
- áhrifum líkamlegra þátta á hæfni til aksturs,
- öryggisbúnaði bifreiða, bæði í ökumanns- og farþegarými sem og bíltæknilegan búnað sem dregið getur úr slyshættu og
- þeim kröftum sem hafa áhrif á stórar bifreiðir í akstri og hvernig farmur hefur áhrif á aksturs-eiginleika þeirra.

Nemandi hafi öðlast leikni í:

- a. að stjórna á vettvangi slyss og að vinna með viðbragðsaðilum.
Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- beita helstu aðferðum við slysavarnir og skyndihjálp,
 - samnýta vegi,
 - velja rétta staðsetningu á vegi,
 - veita vandaða og örugga þjónustu og tileinka sér góða framkomu gagnvart farþegum og/eða öðrum vegfarendum,
 - reikna út farmþunga og
 - meta langsum og þversum hreyfingar ökutækis.

3.2 Námsmat.

Staðnám og fjarfundir: Til að nemandi geti talist hafa lokið námskeiði með fullnægjandi hætti skal hann hafa sótt alla tíma námskeiðs. Um fjarnám og fjarfundi gilda reglur sem Samgöngustofa gefur út.

IV. KAFLI

Viðurkenning námskeiðshaldara.

Endurmenntun skal fara fram á vegum ökuskóla með starfsleyfi eða öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Námskeiðshaldari skal starfa í samræmi við gildandi reglur, sem og fyrirmæli Samgöngustofu.

Sækja skal sérstaklega um viðurkenningu hjá Samgöngustofu á sérhæfðu námskeiði. Eingöngu er hægt að viðurkenna námskeið sem tengist starfi bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni og efnislega fellur undir námskrá fyrir C1-, C-, D1- og D-flokk eða eftirvagnaréttindi þessara flokka.

Áður en starfsleyfi til að annast endurmenntun er veitt skal námskeiðshaldari leggja fram skriflega umsókn og kennsluskrá (skólanámskrá) sem felur í sér útfærslu hans á námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni og gildir starfsleyfið um þá kennsluskrá. Kennsluskrá skal innihalda kennsluáætlanir fyrir hvert námskeið, upplýsingar um leiðbeinendur og sérfræðiþekkingu þeirra á námskeiðum, húsnæði þar sem námskeið eru kennd og/eða upplýsingar um fjarkennslukerfi sem notað er, námsefni, ökutæki ef við á og lágmarks- og hámarksfjölda þátttakenda á námskeiðum. Námskeiðshaldari skal skila starfsskýrslu til Samgöngustofu fyrir 1. mars ár hvert. Samgöngustofu er heimilt að afturkalla starfsleyfi til að halda endurmenntunarnámskeið ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt.

Námskeiðshaldari skal skrá þátttöku nemenda í rafrænt kerfi sem Samgöngustofa lætur í té.

Skóli skal vinna samkvæmt skýrum og skráðum ferlilýsingum og vera með innra gæðaeftirlit. Einn þáttur í innra gæðaeftirliti skóla er að leggja fyrir kennslumat í lok námskeiðs þar sem bílstjórum gefst kostur á að tjá sig um hin ýmsu atriði þess.